

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðaukum III A og IV A, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um, tímabil innflutnings, vörumagn og verðtoll grunntaxta:

<i>Tollskrárnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg.</i>	<i>Verðtollur %</i>
<b>a)</b>				
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.09- 30.06.10	53.000	215,7
<b>b)</b>	<b>Ostur og ystingur:</b>		119.000	
0406.1009	Annað (nýr ostur, mysuostur o.fl.)	01.07.09- 30.06.10		182,4
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.09- 30.06.10		182,4
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.09- 30.06.10		185,9
0406.4000	Gráðostur	01.07.09- 30.06.10		193,3
0406.9000	Annar ostur	01.07.09- 30.06.10		185,0

#### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

#### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

#### 5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2009.*

**Jón Bjarnason.**

---

*Sigríður Nordmann.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2009